



Knattspyrnufélagið Haukar

Bæjarráð Hafnarfjarðar,
Strandgötu 4-6
220 Hafnarfjörður.

Hafnarfirði, 17. febrúar 2014.

Erindi frá Knattspyrnufélaginu Haukum um heimild til að hefja undirbúning að byggingu nýs íþróttasalar við Íþróttamiðstöðina að Ásvöllum.

Á undanförunum misserum hafa fulltrúar frá Knattspyrnufélaginu Haukum átt fundi með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar um nauðsyn þess að hefja byggingu nýs íþróttasalar við Íþróttamiðstöðina að Ásvöllum. Með ört stækkandi íbúðabygð á Völlum og fjölgun iðkenda í hinum ýmsu íþróttagreinum er nú svo komið að sú aðstaða sem fyrir er í Íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum er orðin alls óviðunandi.

Nú þegar liggur fyrir samþykkt deiliskipulag af svæðinu, þar sem gert er ráð fyrir nýjum íþróttasal. Þá liggja enn fremur fyrir hugmyndir frá arkitekum um hvernig mannvirkið getur best tengst þeim byggingum sem fyrir eru og er þar horft til samnýtingar búningaástöðu og annarrar stoðþjónustu sem til staðar er á Ásvöllum.

Í vetur hefur verið unnið að undirbúningi framkvæmda með það í huga að byggingarframkvæmdir geti tekið sem stystan tíma til að raska sem minnst þeirri miklu starfsemi sem fyrir er í Íþróttamiðstöðinni.


Þegar hefur verið leitað til aðila varðandi fjármögnun og verklegra þátta framkvæmdarinnar, en gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði flýti framkvæmd með langtíma fjármögnun og að gengið verði til samninga á milli Hauka og Hafnarfjarðarbæjar um afnot af mannvirkinu.

Algjör sátt er með uppbyggingu íþróttasalar á Ásvöllum meðal íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði og hefur þing ÍBH þegar ályktað um að næsta verkefni í uppbyggingu íþróttastöðu skuli vera á Ásvöllum. Þá mun aukið rými til íþróttaiðkunar með tilkomu nýst íþróttasalar minnka álag í öðrum íþróttahúsum bæjarins.


Þá má geta þess að mikill áhugi er hjá Körfuknattleikssambandi Íslands um að aðstoða við byggingu þessa nýja íþróttasalar, en íþróttasalurinn verður sérsniðinn fyrir æfingar og keppi í körfuknattleik. Hugmyndir eru uppi um að körfuknattleikshús Hauka að Ásvöllum uppfylli þau skilyrði að verða þjóðarleikvangur okkar Íslendinga í körfuknattleik.

Það er von Knattspyrnufélagsins Hauka að bæjarráð taki vel í erindið og heimili félaginu að hefjast handa við undirbúning framkvæmda hið fyrsta.

Virðingarfyllt,
f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka,



Samúel Guðmundsson, formaður.



Magnús Gunnarsson, frkv.stj.